

Tillaga í bæjarráði

Undirrituð leggur til að hafinn verði undirbúningur á deiliskipulagi á nýrri íbúðabyggð í Vatnsendahlíð. Fjöldi íbúða skal taka mið af því að þar rísi nýtt skólahverfi á þessu glæsilegasta byggingarlandi á höfuðborgarsvæðinu þar sem stutt er í alla þjónustu með Elliðavatn og Heiðmörkina í bakgarðinum.

Greinargerð:

Húsnæðisverð hefur hækkað gríðarlega á skömmum tíma þar sem algjört hrun hefur verið á framboði á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Tekist hefur verið á um það hvað valdi því að framboð á húsnæði sé ekki meira en raunin er. Lóðaskortur á klárlega þátt í þróun markaðarins og því liggur fyrir að byggja þarf umtalsvert af húsnæði í nánustu framtíð. Vatnsendahlíð er eitt glæsilegast byggingarland á höfuðborgarsvæðinu þar sem stutt er í alla þjónustu og náttúru.

Í ljósi aðstæðna er tilvalið að Kópavogsbær hefji undirbúning á að skipuleggja nýtt skólahverfi í Vatnsendahlíð. Gert yrði ráð fyrir blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa, ásamt nýjum grunnskóla og leikskóla.